

28

9. maí

L Ö G

um breyting á lögum nr. 55 25. maí 1949, um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Koma skal upp svo fljótt sem verða má sjúkrahúsum eða sjúkrahúsdeildum til fullnægingar ákvæðum 1.—3. gr. Kostnaður við byggingu og rekstur slíkra sjúkrahúsa eða sjúkrahúsdeilda greiðist úr gæzlúvistarsjóði.

2. gr.

Á eftir 11. gr. laganna komi ný grein, er orðist svo:

Nú vilja félög, eitt eða fleiri saman, sem starfa að bindindis- eða líknarmálum, reisa og reka á sinn kostnað hæli til aðhlyningar og lækningar drykkjusjúku fólki, og er þá heimilt að veita til þess styrk úr gæzlúvistarsjóði, að því tilskildu, að ráðherra staðfesti reglugerð slíkra stofnana, enda séu þær háðar sérstakri umsjá og eftirliti heilbrigðisstjórnar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 9. maí 1955.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

29

9. maí

L Ö G

um breyting á jarðræktarlögum, nr. 45 17. maí 1950.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Síðasti másl. 1. málsgr. 4. gr. laganna orðist svo:

Framlag ríkissjóðs skal þó aldrei fara fram úr því, að ríkið greiði sinn hluta af fullum launum 15 ráðunauta.

2. gr.

Fyrri másl. 2. málsgr. 5. gr. laganna orðist svo:

Laun héraðsráðunauta greiðast að jöfnu úr ríkissjóði og af hlutaðeigandi bunnarsamböndum.